

GAMMA: Total Return Fund

GAMMA: Total Return Fund er góður valkostur fyrir fjárfesta sem vilja spara til millilangs og langs tíma. Markmið sjóðsins er að ná jákvæðri raunávöxtun með virkri stýringu og stöðugri vöxtun á þeim eignum og eignaflokkum sem í boði eru. Sjóðurinn er rafrænt skráður og opinn öllum fjárfestum.


Fjárfesting í sjóðnum er hugsuð til millilangs og langs tíma. Til að ná settu markmiði, sem er að viðhalda og auka að raunvirði verðmæti eigenda sjóðsins, þarf eignadreifingu, vöxtun eignaflokka og öguð vinnubrögð. Helstu fjárfestingaákvörðanir sjóðsins eru ákvarðaðar af fjárfestingarteymi GAMMA. Sérfræðikunnátta og reynsla þeirra nýtist vel þegar kemur að sjóði með viðtækar fjárfestingarheimildir og ekki síst þegar þarf mat á framvindu vaxta, verðbólgu, hlutabréfamarkaðar, efnahags og skuldaraáhættu.

Eignadreifing

Fjárfestar standa frammi fyrir því í dag að erfitt er að ná fram eignadreifingu. Total Return Fund býður fjárfestum að ná því markmiði ásamt því að verjast áhættu með tryggingasamningum. Umtalsverð eignadreifing næst með fjárfestingu í öðrum sjóðum en minnst 25% af sjóðnum er fjárfest í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum. Aukinheldur getur sjóðurinn nýtt sér kosti fagfjárfestasjóða sem nemur allt að 20% af eignum sjóðsins. Ítarlegt eftirlit er með fjárfestingarstefnu sjóðsins. Í dag á sjóðurinn hlut í yfir 20 mismunandi eignum.

Á sínu fyrsta rekstrarári var ávöxtun sjóðsins 15,9% að nafnvirði eða 12,2% að raunvirði. Á sama tíma hefur hlutabréfavisitala Kauphallar OMX6 hækkað um 9,4% og Skuldabréfavístanan GAMMA: GBI um 5,4%.

Gengisþróun GAMMA: TRF frá upphafi



	6 mán	1Y
nafnávöxtun	14,0%	15,9%
raunávöxtun	11,0%	12,2%

Ítarleg greiningarvinna

Fjárfestingarheimildir sjóðsins gera miklar kröfur um þverfaglega þekkingu. GAMMA hefur stýrt sjóðum í 5 ár og er með um 27 milljarða króna í stýringu. Meðalstarfsreynsla á fjármálamarkaði í fjárfestingateymi GAMMA er 12 ár. Reynslan og þekkingin spila lykilhlutverk við stýringu á fjárfestingum sjóðsins.

Greining og mat á stöðu efnahagslífsins leggur grunninn að vali á eignaflokkum sjóðsins. Ítarleg vinna er lögð í að meta vaxta- og verðbólguáhættu skuldabréfamarkaðar sem að miklu leyti setur viðmið fyrir alla aðra eignaflokka. Fyrirtæki í kauphöllinni eru verðlögð og einnig eru tækifæri skoðuð í óskráðum félögum. Auk þess hefur GAMMA rannsakað fasteignamarkaðinn, bæði íbúða- og atvinnuhúsnaðismarkaðinn.

Markmið er að auka verðmæti að raunvirði

Mikil eignadreifing og virk stýring

GAMMA – óháð fjármálafyrirtæki

*„GAMMA er sjálfstætt og óháð
fjármálafyrirtæki sem leggur
áherslu á óhæði, skýra stefnu, fagleg
vinnubrögð og samstarf við
viðskiptavin“*

Sjálfstætt, óháð rekstrarfélag

GAMMA stýrir yfir 27 milljörðum í 18 sjóðum. GAMMA var stofnað í júní 2008, félagið er með yfir 500 mkr í eigið fé og er skuldlaust. Starfsmenn þess eru 14 talsins. GAMMA kynnti íslenskum fjárfestum fyrir skuldabréfavísitölu sem er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Vísitalan hefur það að hlutverk að tryggja gagnsæi og skilvirkni á skuldabréfamarkaði. Auk þess að reka sjóði hefur GAMMA tekið að sér efnahagsráðgjöf fyrir stjórnvöld og mörg stærstu fyrirtæki landsins. Sambland af rekstri sjóða og efnahagsráðgjöf hefur reynst GAMMA vel þar sem góð þekking á íslensku efnahagslífi hefur bætt ákvörðunartöku í fjárfestingum auk þess að opna dyr að nýjum fjárfestingum.

Um sjóðsstjóra

Valdimar Ármann er hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur. Valdimar starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólgutengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðar hjá RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Áður var hann í afleiðuviðskiptum hjá Búnaðarbanka Íslands. Hann hóf störf hjá GAMMA snemma árs 2009 sem sjóðsstjóri. Valdimar er einnig aðjúnkt í meistaranámi í fjármálahagfræði hjá Háskóla Íslands og kennir m.a. námskeiðið Skuldabréf fyrir meistaranema í hagfræði.

Um fjárfestingarteymi

Agnar Tómas Möller, verkfræðingur. Agnar starfaði áður í áhættustýringu og skuldabréfamíðlun Kaupþings frá 2004 til 2008. Agnar kennir einnig í meistaranámi í fjármálahagfræði hjá Háskóla Íslands.

Gísli Hauksson, hagfræðingur og framkvæmdastjóri GAMMA. Gísli starfaði árin 2001-2008 hjá Kaupþingi, bæði hérlendis og í London. Stærsta hluta tímabilsins var hann Director of Fixed Income Sales (skuldabréf og afleiður) en vann einnig við skuldastýringu, gjaldeyrisviðskipti og afleiðumiðlun.

Guðmundur Björnsson, verkfræðingur. Guðmundur starfaði á árunum 2001-2008 í Afleiðuviðskiptum Kaupþings, lengst af sem forstöðumaður deildarinnar. Guðmundur hefur einnig sinnt stundakennslu, m.a. við HR.

Lýður Þór Þorgeirsson, MBA & B.Sc. rafmagns- og tölvuverkfræði. Lýður vann hjá skilanevnd Kaupþings og þar áður við fyrirtækjaráðgjöf hjá Kaupþingi. Árin 2000-2005 starfaði hann hjá Glitni við skuldsetta fjármögnun fyrirtækja og áhættustýringu. Lýður er með MBA frá MIT Sloan. Lýður hefur jafnframt sinnt kennslu og kennt bæði verðmöt fyrirtækja og gerð áreiðanleikakannana við íslenska háskóla.

Allir í fjárfestingarteyminu hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Fyrirvari

Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAM Management hf. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennt fylgir áhættu fjárfestingu í verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

Valdimar Ármann

